



ELEKTRA ENSEMBLE Matthías B. Nardeau óbóleikari verður gestur á tónleikunum.

Vortónleikar Elektru

Blásaratónlist verður allsráðandi á vortónleikum Elektra Ensemble á Kjarvalsstöðum á sunnudagskvöld klukkan 20.

Matthías Birgir Nardeau óbóleikari verður síðasti gestur vetrarins hjá Elektru en hann hefur vakið athygli fyrir óbóleik sinn undanfarið bæði sem einleikari og

með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Á efnisskrá eru verk fyrir flautu, óbó, klarínnett og píanó eftir Malcolm Arnold, Jean-Michel Damase og Camille Saint-Saëns.

Flytjendur á tónleikunum auk Matthíasar eru Ástríður Alda Sigurðardóttir, Emilía Rós Sigfúsdóttir og Helga Björg Arnardóttir.

Kvikann í styttum Ásmundar

Ný sýning á verkum myndhöggvarans Ásmundar Sveinssonar verður opnuð í Ásmundarsafni við Sigtún í dag. Við sama tilefni verður endurtekinn „gjörningur“ í höggmyndagarðinum, sem Ásmundur taldi að kenndi börnum að meta og þykja vænt um styttur.

Sýningarstjórar eru Steinunn G. Helgadóttir myndlistarmaður og Kristín G. Guðnadóttir listfræðingur. Þær segja Ásmund hafa leitað víða fanga fyrir listsköpun sína, þar á meðal bókmenntir, sögu og náttúru en einnig voru móðirin og hinn vinnandi maður mikilvæg leiðarstef í verkum hans. En þegar skyggst sé undir yfirborðið í högg-

myndum Ásmundar leynist þar oft heit kvika. „Viðfangsefni þessarar sýningar er kvikan sem afhjúpast þegar verkin eru skoðuð og greind í samhengi við líf listamannsins og þá tíma sem hann lifði.“

Sýningin Inn í kviku er þrjúþætt og lýtur að inntaki í verkum Ásmundar, formi og tímaskeiðum. Leitast er við að nýta húsið í Sigtúni sem rökrettan hluta af og umgjörð um sýninguna ásamt höggmyndagarðinum í kringum húsið sem geymir mörg af þekktustu verkum listamannsins.

Sýningin verður opnuð klukkan 16 í dag. Á morgun, sunnudag, fara sýningarstjórnarnir um sýninguna og ræða við gesti.



ÁSMUNDUR SVEINSSON Brugðið verður nýju ljósi á verk hans á sýningunni.

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR TIL 11. MAÍ

LISTKENNSLA

MEISTARANÁM
Í LISTKENNSLU

TÓNLIST

SKÖPUN, MIÐLUN OG
FRUMKVÖÐLASTARF (NAIP)

NÁNARI UPPLÝSINGAR UM
INNTÖKUSKILYRÐI OG NÁMSLEIÐIR Á LHI.IS

Listkennsludeild

Meistaránám í listkennslu
Inntökuskilyrði:

BA gráða eða sambærilegt
nám í listgrein.

Auk þess er tekið á mót
umsóknum frá einstaklingum
með B.Ed gráðu eða sambærilegt
180 eininga nám í kennslu
og umtalsverða menntun
og/eða reynslu á sviði leiklistar,
tónlistar eða dans.

Tónlistardeild

Sköpun, miðlun og frum-
kvöðlastarf (NAIP)

Meistaránám sem er
samstarfsverkefni
5 tónlistarháskóla í Evrópu.

www.musicmaster.eu

 **LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**
Iceland Academy of the Arts



FRÁ SÝNINGUNNI Hrafnkell lóðsar gesti um sýningu á nýjum verkum.

Hrafnkell lóðsar gesti

Hrafnkell Sigurðsson og Ólöf K. Sigurðardóttir ræða við gesti á sunnudag um sýningu Hrafnkells, Hafnarborgina, sem nú stendur yfir í aðalsal Hafnarborgar.

Hrafnkell sýnir þar ný verk, en efnivið þeirra sækir hann í karlmannlegt athafnasvæði Slíppsins þar sem skip eru dregin á land til viðhalds og endurbóta. Hann sýnir ljósmyndir sem minna á málverk og áhrifamikla myndbandsinnsetningu en einnig veggverk og textíl þar sem hann notar meðal annars vinnutuskur sem hann dró upp úr drullunni í slíppnum og saumaði saman, en lykt og áferð tengja verkið sterkt við uppruna sinn.

Gengið um Mosfellsdal

Vinafélag Gljúfrasteins og Ferðafélag Íslands býður upp á gönguferð um æskuslóðir Halldórs Laxness í Mosfellsdalnum. Mæting er við Gljúfrastein klukkan 10 sunnudaginn 6. maí.

Áfangastaðir göngunnar verða meðal annars Bringur en þaðan verður gengið að Helgufossi og niður með Köldukvísl að Gljúfrasteini, þar sem garðurinn verður skoðaður og síðan húsið. Stoppað verður á leiðinni og verða lesnar stuttar tilvitnanir úr bókum skáldsins. Gangan endar á Gljúfrasteini þar sem Pétur Ármannsson arkitekt og fararstjóri göngunnar mun segja frá Ágústi Pálssyni arkitekt, stíl hans og sjónarmiðum við hönnun Gljúfrasteins.

